

Framkvæmdahópur Lífsgæðaseturs St. Jó.

Fjarfundur

30. nóvember 2020

Kl. 10:00

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Guðlaug S. Kristjánsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Helga Stefánsdóttir, Sigríður Kristinsdóttir, Ragnheiður Agnarsdóttir.

1. Staða framkvæmda.

Framkvæmdir við aðgengis- og öryggismál sem staðið hafa yfir frá því í sumar nálgast nú verklok.

- Múr- og málingarvinnu er lokið.
- Hellulögn er að mestu lokið. Ljúka þarf lóðafrágangi í vor þegar jörð hefur þiðnað.
- Uppsteypa á tröppum og skyggni við Suðurgötu er lokið. Skoða þarf lagfæringar á skyggni þar sem það virðist skakkt. Ákveðið var að bíða með þá skoðun fram á vor.
- Smíði á brunastiga sem fer upp við inngang við Hringbraut er á loka metrunum.
- Búið er að slá upp fyrir ísetningu brunahurða á 2.,3. og 4. hæð. Hurðir hafa verið pantaðar og eru væntanlegar úr framleiðslu.

Greiddar hafa verið kr. 49,1 millj. vegna þeirra framkvæmda sem lokið er.

2. Minnisblað vegna stöðu mála á 3. hæð St. Jó. Langtíma leigusamningar við Alzheimer- og Parkinson samtökin. Vinna við samningagerð.

Alzheimer- og Parkinson samtökin hafa um nokkra hríð verið áhugasöm um að setja á fót dagdeildir fyrir skjólstæðinga sína á 3. hæð St. Jó. Styrktar- og líknarsjóður Oddfellow reglunnar á Íslandi hafði lýst yfir áhuga á að styrkja bæði samtök um framkvæmdakostnað við endurbætur á 3. hæðinni. Um er að ræða 530 fm. rými.

Alzheimer samtökin hafa hug á að taka vestur enda hæðarinnar til afnota fyrir sína skjólstæðinga en Parkinson samtökin austur enda. Kynning á verkefnum fór fram fyrir fulltrúa Oddfellow sl. laugardag 28. nóvember og gekk hún vel. Niðurstaða Oddfellowa var sú eftir fund sem haldin var sama dag að veita samtökunum báðum styrk til framkvæmdanna í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ sem eiganda hússins. Munu því Hafnarfjarðarbær, Styrktarsjóður Oddfellowa, Alzheimer- og Parkinson samtökin semja um framkvæmdir á hæðinni sem greiddar verða af Hafnarfjarðarbæ en á móti komi styrkur frá styrktarsjóði Oddfellow sem muni tryggja báðum samtökum leiguleysi sem nemur upphæð styrksins sem áætlaður er um 170 m.kr.

Undirbúningur að samningaviðræðum er þegar hafin. Settur hefur verið á fót vinnuhópur innan bæjarins sem í eiga sæti auk verkefnisstjóra Lífsgæðaseturs St. Jó, Andri Berg Haraldsson f.h. fjármálasviðs, Ása Sandholt f.h. stjórnsýsluviðs og Helga Stefánsdóttir fh. Umhverfis- og skipulagssviðs. Markmið hópsins er að vinna að samningsdrögum milli styrktarsjóðs Oddfellow, Alzheimer samtakna, Parkinson samtakanna og Hafnarfjarðarbæjar. Samningunum er ætlað að taka á öllum flötum

verkefnisins. Áætlað er að sú vinna fari fram í desember 2020 svo hægt verði að skrifa undir samninga um verkefnin fyrir árslok og hefja framkvæmdir í árs byrjun 2021.

Verkefnisstjóri St. Jó mun upplýsa framkvæmdahóp reglulega um framvindu vinnu við samningagerð.

3. Tilkynning um samstarf Hafnarfjarðarbæjar, Styrktarsjóðs Oddfellowa, Alzheimer samtakanna og Parkinson samtakanna.

Mikilvægt er að huga að kynningu á því sem framundan er varðandi samninga Hafnarfjarðarbæjar, Styrktarsjóðs Oddfellow, Alzheimer samtakana og Parkinson samtakana um nýtingu á 3. hæð St. Jó.

Ljóst er að það er mikill fengur í því fyrir Lífsgæðasetrið að fá svo öflugar kjölfestur til lengri tíma í starfsemi hússins. Tilgangur dagdvalar samtakanna rýmar vel við tilgang Lífsgæðasetursins og eru góðir samlegðar- og samstarfsmöguleikar með þeim aðilum sem nú þegar eru með starfsemi í húsinu.

Verkefnisstjóri St. Jó mun ásamt samskiptastjóra Hafnarfjarðarbæjar og fulltrúa annarra samningsaðila vinna drög að sameiginlegri tilkynningu sem væntanlega verður tilbúin til birtingar 2. desember n.k.

4. Hreinsun hússins vegna framkvæmda ársins 2021.

Allt bendir til að árið 2021 verður mikið framkvæmdaár á St. Jó. Ásamt væntanlegum framkvæmdum við 3. Hæð hússins vegna dagdvalar Alzheimer- og Parkinson samtakanna liggur fyrir tillaga og fjárhagsáætlun um að fara jafnframt í framkvæmdir á 1. og 4. hæð hússins. Markmiðið er að fjölga leigurýmum til einstaklinga og minni fyrirtækja í húsinu enda eftirspurn eftir leigurýmum á St. Jó. góð og eru um 20 aðilar á biðlista eftir leigurýmum. Einnig er nauðsynlegt að ljúka framkvæmdum við inngang við Suðurgötu og stigaganga hússins.

Áður en að framkvæmdum kemur er nauðsynlegt að hreinsa og tæma húsið enda hafa safnast upp ýmisir munir bæði frá þeim tíma sem húsið var starfrækt sem spítali en einnig á meðan á framkvæmdum hefur staðið síðustu ár.

Verkefnastjóra St. Jó var ásamt Helgu Stefánsdóttur falið að skoða mögulegar útfærslur á heinsunarstarfinu. Í því felst að skoða þann möguleika að íþróttafélög geti tekið þátt í þeirri vinnu en einng hvort að æskilegt sé að fá verktaka til verksins. Áætla þarf framkvæmdatíma og kostnað við hreinsunarstarfið.

Fundi slitið: 10:40